

Minnisblað

Fundur bæjarstjóra – m. foreldrum barna í Áslandsskóla

13. jan. 2015

Mættir: Sigríður Þorgilsdóttir sirryth73@gmail.com, Grétar Már Þorvaldsson gretar@hella.is, Hulda Hákonardóttir huldahakonar@hotmail.com, Pórey Hallbergsd. thoreyh@hafnarfjordur.is og RG

Tveir af fjórum mættum foreldrum eru í stjórn foreldrafélagsins. Fundarboðendur (foreldrar) mótmæla ákvörðun bæjarstjórnar frá 26. nóv. sl., þar sem hætt var við stækkun Áslandsskóla. Segja þeir ákvörðunina ekki hafa verið borna undir „neinn“ (foreldra?). Segja þeir hana hafa neikvæð áhrif á skólastarfið, m.a. efnislega farið gegn lágmarksskilyrðum varðandi öryggi nemenda. Telja þeir jafnvel að lög hafi verið brotin. Segja þeir húsnæðið verða sprungið 2018. Segja þeir forkastanlegt að ekki skyldi haft samráð við foreldra og þá aðila sem skv. grunnskólalögum skuli hafa samráð við. Hingað til hafi verið fámennar bekkjardeildir í skólanum. Segjast þeir vilja sjá skólann stefna upp á við en ekki niður. Skora þeir á bæjarstjórn að draga ákvörðunina til baka. Leggja þeir fram skriflega kvörtun sem þeir krefjast skriflegs svars við.

Segja þeir aðila þurfa að komast að niðurstöðu um stækkun, (e.t.v. í áföngum?)

Bæjarstjóri segir þrjá kosti hafa verið í stöðunni í húsnæðismálum skólans fyrir næsta haust:

- ° Að stækka skólann
- ° Að stækka skólahverfi Setbergsskóla að Áslandi 3 (þar með væru báðir skólar í góðum málum húsnæðislega séð)
- ° Að gera þær breytingar innanhúss sem ákveðnar hafa verið, þ.á.m. með sameiningu bekkjardeilda/fjölgun kennara, í einum árgangi í tvær í stað þriggja, og að taka tölvustofu undir almenna kennslu og fartölvuvæða skólann.

Skólastjórnendur voru hafðir með í ráðum við ákvörðunartökuna. Áslandsskóli hefur á undanförunum árum verið vel rekinn og verið framarlega með góðan námsárangur í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Bæjarstjóri lagði til að boðað verði til annars fundar þar sem báðir aðilar mæti vel undirbúnir; foreldrar sýni efnisleg rök fyrir kvörtun sinni og bæjarstjóri fari yfir málin frá sínum bæjardryrum séð. Auðveldara sé að taka ákvarðanir þegar allir aðilar eru vel upplýstir. Fundarmenn voru sammála um að hittast aftur áður en erindinu verði svarað efnislega.

Foreldrar vilja fá að sjá hvernig *samningar við FM-hús* þróuðust.

Skólastjóri Áslandsskóla, form. fræðsluráðs og sviðsstjóri fræðslusviðs munu einnig mæta til fundarins.

Fundurinn verður haldinn í Ráðhúsinu laugard. 31. jan. kl. 09:00.